

REGLUGERÐ

um styrki til kaupa á næringarefnum og sérfæði.

1. gr.

Gildissvið.

Í reglugerð þessari er kveðið á um styrki sjúkratrygginga almannatrygginga til kaupa á lífsnauðsynlegum næringarefnum og sérfæði skv. 27. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar. Sjúkratryggingar Íslands annast framkvæmd reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi tekur ekki til efna sem eru skilgreind sem lyf skv. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum. Um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði fer samkvæmt reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

Sjúkratryggðir eiga rétt á styrkjum vegna næringarefna og sérfæðis samkvæmt reglugerð þessari. Sjúkratryggður er sá sem er búsettur á Íslandi og hefur verið það a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta er óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laga um sjúkratryggingar, nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 10. gr. laga um sjúkratryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn yngri en 18 ára sem búsett eru hér á landi eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fösturbörn. Að öðru leyti gilda um það hverjir teljist sjúkratryggðir hér á landi ákvæði 10.-16. gr. laga um sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort einstaklingur teljist sjúkratryggður.

2. gr.

Skilgreiningar.

Með næringarefnum og sérfæði er átt við mat- og drykkjarvörur sem bæta orkuþörf viðkomandi, ýmist sem viðbót eða með því að koma í staðinn fyrir aðrar matvörur þegar veruleg vandkvæði eru við fæðuinntöku eins og við mikið lystarleysi, efnaskiptagalla, ofnæmi, frásogsvandamál o.fl.

3. gr.

Réttur til styrkja.

Sjúkratryggðir einstaklingar eiga rétt á styrkjum frá Sjúkratryggingum Íslands til kaupa á næringarefnum og sérfæði.

Þeir sem búa á sambýli og eru sjúkratryggðir eiga sama rétt og þeir sem búa á einkaheimilum til styrks til kaupa á næringarefnum og sérfæði.

Sjúkratryggingar Íslands greiða ekki styrki til kaupa á næringarefnum og sérfæði vegna þeirra sem dveljast á sjúkrastofnunum. Hið sama gildir um öldrunarstofnanir, vistheimili, heimili fyrir börn og aðrar sambærilegar stofnanir. Í þeim tilvikum skal viðkomandi sjúkrahús eða stofnun sjá vismönnum fyrir næringarefnum og sérfæði.

4. gr.

Næringarefni og sérfæði.

Styrkir eru veittir til kaupa á þeim næringarefnum og sérfæði sem tilgreind eru í fylgiskjali með reglugerð þessari. Í fylgiskjalinu er næringarefnum og sérfæði raðað eftir ákveðnu flokkunarkerfi sem er byggt á flokkunarkerfi hjálparkækja, EN ISO 9999:2002.

Styrkir eru eingöngu veittir til kaupa á lífsnauðsynlegum næringarefnum og sérfæði þegar sjúkdómar eða afleiðingar slysa valda verulegum vandkvæðum við fæðuinntöku og upptöku næringarefna og þegar um langvarandi þörf er að ræða, a.m.k. þrjá mánuði. Getur styrkur ýmist verið greiddur sem ákveðið hlutfall af verði næringarefnis eða sérfæðis og/eða ákveðin fjárhæð til kaupa á næringarefni eða sérfæði.

Þegar Sjúkratryggingar Íslands hafa gert samninga í kjölfar útboðs, sbr. IV. kafla laga um sjúkratryggingar, er styrkur frá stofnuninni háður því að næringarefni eða sérfæði sé keypt hjá tilteknu samningsbundnu fyrirtæki. Stofnunin skal veita upplýsingar um aðila sem hún hefur gert samninga við og um hvaða næringarefni eða sérfæði er að ræða. Þegar samningar eru ekki fyrir hendi er leitað tilboða í einstök næringarefni og sérfæði eða gerðar verðkannanir og styrkveiting miðuð við það verð.

Sjúkratryggingar Íslands gefa út skilteini innkaupaheimild vegna næringarefna og sérfæðis sem gildir eftir atvikum frá sex mánuðum til fimm ára eða til ákveðins aldurs umsækjanda.

5. gr.

Umsóknir um styrki.

Sækja þarf um styrki frá Sjúkratryggingum Íslands til kaupa á næringarefni og sérfæði á sérstökum eyðublöðum stofnunarinnar og skal það gert áður en fest eru kaup á þeim. Umsækjanda er skylt að veita stofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að unnt sé að taka ákvörðun um rétt til styrks, fjárhæð hans, greiðslu og endurskoðun.

Skilyrði er að lagt sé fram vottorð sérfræðings um nauðsyn næringarefnis eða sérfæðis. Í umsókn skal þannig ávallt koma fram mat læknis og/eða næringarráðgjafa eða næringarfræðings á þörf fyrir næringarefni og/eða sérfæði. Enn fremur skal koma fram lýsing á næringarvanda og rökstuðningur fyrir næringarefni og sérfæði. Þegar um er að ræða fyrstu umsókn er umsögn læknis nauðsynleg.

Ef breyting verður á sjúkdómsástandi/næringarvanda getur þurft nýtt læknisvottorð. Ætíð er krafist nýs læknisvottorðs með umsókn ef ekki er samræmi milli þeirra næringarefna og/eða sérfæðis sem um er sótt og þeirra læknisfræðilegu upplýsinga sem áður hafa borist með umsókn til Sjúkratrygginga Íslands.

6. gr.

Ákvarðanir um styrki.

Allar umsóknir um styrki vegna næringarefna og sérfæðis skulu afgreiddar svo fljótt sem kostur er. Ákvarðaðir styrkir falla niður ef þeir eru ekki nýttir innan tólf mánaða, en ákvarða má styrk á ný ef rökstudd umsókn berst.

7. gr.

Stjórnssýslukærur.

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð styrks vegna næringarefna og/eða sérfæðis samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að kæra ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands til úrskurðarnefndar almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Kæra til úrskurðarnefndar almannatrygginga skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan þriggja mánaða frá því umsækjanda/aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Á skrifstofum Sjúkratrygginga Íslands skulu liggja frammi eyðublöð í þessu skyni og veita starfsmenn stofnunarinnar nauðsynlega aðstoð við útfyllingu þeirra.

Sjúkratryggingar Íslands skulu láta nefndinni í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar er nefndin telur þörf á.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 27. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, öðlast gildi 1. febrúar 2009. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 625/2003, um styrki Tryggingastofnunar ríkisins til kaupa á næringarefnum og sérfæði, með síðari breytingum.

- Heilbrigðisráðuneytinu, 26. janúar 2009. -

- Guðlaugur Þór Þórðarson. -

- Berglind Ásgæisdóttir. -

FYLGISKJAL.**Næringarefni og sérfæði frá Sjúkratryggingum Íslands.***Skýringar og skilgreiningar:*

70/90/100%:	Þátttaka Sjúkratrygginga Íslands í greiðslu næringarefnis eða sérfæðis er 70%, 90% eða 100%.
Skirteini Innkaupaheimild:	Skirteini innkaupaheimild útteið úttefin af Sjúkratryggingum Íslands vegna næringarefna og sérfæðis sem gildir eftir atvikum frá sex mánuðum til fimm ára eða til ákveðins aldurs umsækjanda.

98 Næringarefni og sérfæði.

Sjúkratryggingar Íslands taka þátt í kostnaði við kaup á lífsnauðsynlegum næringarefnum og sérfæði þegar um er að ræða m.a. eftirfarandi hjá sjúkratryggðum einstaklingi:

Hjartagalli, krabbamein, bólgusjúkdómar í þörmum, skaði á vélinda, efnaskiptasjúkdómar, heilaskaði/taugasjúkdómar, vöðvasjúkdómar, alnæmi, lifrabilun, nýrnabilun, vannæring, ofnæmi, óþol og vanþrif barna (þyngd a.m.k. eitt tveimur staðalfrávik staðalfrávikum undir meðaltali miðað við aldur og/eða hæð).

Einstök kaup miðast við mest tveggja mánaða birgðir. Gefin eru út skirteini innkaupaheimild þessu til staðfestingar. Sólarhringsskammtur samkvæmt töluliðum 98 06 03, 98 06 06, 98 06 09 og 98 06 12 miðast við u.þ.b. 500 kkal. Sjúkratryggingum Íslands er heimilt að veita hærri styrk að fengnum fullnægjandi rökstuðningi frá næringarráðgjafa/næringarfræðingi ef hann mælir með stærri dagsskammti í framangreindum flokkum eða dýrari vöru en verðmiðun er reiknuð út frá. Miða skal við að BMI (Body Mass Index: þyngd/hæð²) sé ≤ 16 eða að um sé að ræða ≥ 20% þyngdartap á minna en tveimur mánuðum þrátt fyrir að BMI sé > 18,5.

98 03 Lífsnauðsynleg næring.

98 03 03 *Aminósýrublanda vegna efnaskiptagalla (og fylgihlutir ef þarf).*

Sjúkratryggingar Íslands greiða 100% á grundvelli skirteinis innkaupaheimildar.

98 03 06 *Næring um slöngu.*

Sjúkratryggingar Íslands greiða, á grundvelli skirteinis innkaupaheimildar, það sem er umfram neðangreindar fjárhæðir fyrir hvern mánaðarskammt. Kostnaður sjúklings einstaklings er því tiltekin upphæð á mánuði.

	<i>Fyrir hvern mánaðarskammt greiða</i>
Aldur sjúklings einstaklings:	<i>Sjúkratryggingar Íslands það sem</i>
	<i>umfram er:</i>
0-5 ára	5.900 kr.
6-9 ára	11.800 kr.
10-12 ára	17.700 kr.
13-17 ára	23.600 kr.
18 ára og eldri	29.500 kr.

Í umsókn þarf að tilgreina sólarhringsorkuþörf hvers einstaklings (miðað er við fulla orkuþörf) og tilgreina hversu hátt hlutfall orkunnar fæst við næringu um slöngu. Næringarráðgjafi/næringarfræðingur veitir þessar upplýsingar. Ef einungis hluti af orkuþörf viðkomandi einstaklings er gefinn um slöngu er heimilt að miða greiðslur Sjúkratrygginga Íslands við það hlutfall.

98 03 07 *Fylgihlutir með næringu um slöngu (s.s. slöngusetur fyrir/án dælu, flaska, sprautur, slöngur og munnhreinsipinnar).*

Sjúkratryggingar Íslands greiða 100% á grundvelli skirteinis innkaupaheimildar.

98 03 08 *Dætur fyrir næringu um slöngu.*

Sjúkratryggingar Íslands gera samning um öflun og þjónustu vegna dælna fyrir næringu um slöngu fyrir einstaklinga í heimahúsum.

98 03 09 *Fylgihlutir vegna næringar í æð (s.s. slöngur, sprautur, nálar).*

Sjúkratryggingar Íslands greiða 100% á grundvelli skirteinis innkaupaheimildar.

98 06 Lífsnauðsynleg næringarviðbót vegna vannæringar og sérfaði.**98 06 03** Næringarviðbót vegna vannæringar, vanþrifa og kyngingarerfiðleika, drykkir og duft.

Miðað er við að BMI (Body Mass Index: þyngd/hæð²) sé < 20 18,5 eða að um 5 ≥ 10% þyngdartap sé að ræða á minna en tveimur mánuðum þrátt fyrir að BMI sé > 20 18,5.

Sjúkratryggingar Íslands greiða 90%, þó að hámarki 19.100 kr. á mánuði, á grundvelli skirteinis innkaupaheimildar.

98 06 04 Þykkingarefni vegna kyngingarerfiðleika.

Sjúkratryggingar Íslands greiða 90%, þó að hámarki 18.800 kr. á mánuði, á grundvelli skirteinis innkaupaheimildar.

98 06 06 Næringardrykkir vegna lungna- og nýrnasjúkdóma.

Sjúkratryggingar Íslands greiða 90%, þó að hámarki 35.400 kr. á mánuði, á grundvelli skirteinis innkaupaheimildar.

98 06 09 Næringardrykkir vegna efnaskiptasjúkdóma (sykursýki) og ónæmisbælingar.

Sjúkratryggingar Íslands greiða 90%, þó að hámarki 54.900 kr. á mánuði, á grundvelli skirteinis innkaupaheimildar. Miðað er við að BMI (Body Mass Index: þyngd/hæð²) sé < 18,5 eða að um ≥ 10% þyngdartap sé að ræða á minna en tveimur mánuðum þrátt fyrir að BMI sé > 18,5.

98 06 12 Næringardrykkir vegna bólgusjúkdóma í meltingarvegi, vanfrásogs og lifrarsjúkdóma.

Sjúkratryggingar Íslands greiða 90%, þó að hámarki 72.200 kr. á mánuði, á grundvelli skirteinis innkaupaheimildar.

98 06 15 Próteinskert fæði vegna efnaskiptagalla fyrir börn (eftir 6 mánaða aldur) og fullorðna.

Sjúkratryggingar Íslands greiða 90% á grundvelli skirteinis innkaupaheimildar, þó að hámarki 36.100 kr. á mánuði fyrir börn 6 mánaða til 9 ára og 53.500 kr. fyrir 10 ára og eldri.

~~- 98 06 18 - Próteinskert fæði vegna nýrna- og lifrarsjúkdóma -~~~~- Sjúkratryggingar Íslands greiða 90%, þó að hámarki 6.500 kr. á mánuði, á grundvelli skirteinis.~~~~- 98 06 21 - Sojamjólk, aðrar kalkbættar sojavörur eða kalkbætt sérfaði vegna ofnæmis fyrir mjólk -~~~~- Ofnæmi skal staðfest af ofnæmislækni eða barnaofnæmislækni (að jafnaði með ofnæmisprófun og sjúkrasögu).~~~~- Sjúkratryggingar Íslands greiða 90%, þó að hámarki 11.600 kr. á mánuði, á grundvelli~~~~- skirteinis.~~~~- Sjúkratryggingar Íslands niðurgreiða vöru í þessum flokki fyrir börn að 2ja ára aldri.~~~~- Sjúkratryggingar Íslands taka hvorki þátt í kostnaði við kaup á laktasa né mjólkursykursnauðri mjólk.~~**98 06 24** Peptíðmjólk/amínósýrublanda (sérfaði) vegna ofnæmis fyrir mjólk.

Sýna þarf fram á að hvorki sé unnt að nota kalkbætta sojamjólk né annað kalkbætt sérfaði.

Ofnæmi skal staðfest af ofnæmislækni, barnaofnæmislækni eða barnaofnæmislækni meltingarlækni (að jafnaði með ofnæmisprófun og sjúkrasögu).

Sjúkratryggingar Íslands greiða 90% á grundvelli skirteinis innkaupaheimildar, þó að hámarki 31.800 kr. á mánuði fyrir börn 0 til 2ja ára og 15.900 kr. fyrir börn 2ja til 18 ára.

Sjúkratryggingar Íslands taka hvorki þátt í kostnaði við kaup á laktasa né mjólkursykursnauðri mjólk.

98 06 27 Glútensnautt fæði (sérfaði) vegna ofnæmis/ópols fyrir hveiti. hveiti.

Glútenópol skal staðfest af barnalækni eða meltingarsérfræðingi en dermatitis herpetiformis herpeti-formis skal staðfestur af húðlækni.

Hveitiofnæmi skal staðfest af barnaofnæmislækni eða ofnæmislækni.

Sjúkratryggingar Íslands niðurgreiða vörur í þessum flokki fyrir börn að 18 ára aldri. Sjúkratryggingar Íslands greiða 90 70% á grundvelli skirteinis innkaupaheimildar þó að hámarki 13.400 14.000 kr. á mánuði.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.